



Kópavogi, 24. apríl 2026
23082308/ AK

Fyrirspurn um samstarfi varðandi aðstöðu og þjónustu í Kópavogshöfn

Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2025 var tekið fyrir erindi þar sem framkvæmdastjóri Seatrips ehf. óskar eftir samstarfi við Kópavogsbæ varðandi aðstöðu og þjónustu í Kópavogshöfn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Umsögn og niðurstaða

Nú er í staðfestingarferli rammahluti aðalskipulags fyrir vestanvert Kársnes, sem gera má ráð fyrir að taki gildi á næstu vikum. Í kjölfar gildistöku er áætlað að hafin verði deiliskipulagsvinna fyrir hafnarsvæðið. Á svæðinu er í gildi deiliskipulag Kársneshafnar, samþykkt dags. 19. mars 1990 sem gerðar hafa verið fjölmargar breytingar á.

Í deiliskipulagsvinnunni verður mótuð heildarstefna um fyrirkomulag hafnarinnar og umhverfis hennar og hvernig svæðið verður útfært til framtíðar. Þar sem slík áform liggja ekki fyrir er ekki talið tímabært að taka ákvarðanir varðandi slíka starfsemi á svæðinu að svo stöddu.

Tekið er jákvætt í að ferðaþjónustufyrirtæki sýni áhuga á að staðsetja starfsemi sína við Kópavogshöfn, enda stendur til að þar verði byggð upp lífleg útivistarhöfn, meðal annars fyrir hafsækna ferðaþjónustu, sbr. tillögu að rammahluta aðalskipulags.

Skipulagsfulltrúi hvetur Seatrips ehf. til að taka þátt í því samráði sem verður hluti af skipulagsvinnunni, og/eða hafa samband við Kópavogsbæ þegar formleg vinna við deiliskipulag hafnarsvæðisins hefst.

F.h. skipulagsfulltrúa
Andrea Kristinsdóttir
verkefnastjóri aðalskipulags

